

Sp. 207. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]
um eflingu ferðamála.

Flm.: Lárus Jónsson, Friðjón Þórðarson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða áætlun um eflingu ferðamála, sem verið hefur í undirbúningi. Í áætluninni verði stefnt að því að auka verulega ferðamannastraum til landsins og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna, einkum úti um land í vinsælum ferðamannahéruðum og byggðarlögum, sem geta orðið ferðamannastaðir, ef skilyrði eru þar sköpuð til fyrirgreiðslu við ferðafólk. Áætlunin skal einkum ná til fjögurra þátta, sem aukið geta aðráttarafl landsins sem ferðamannalands, þ. e. a. s. bættra skilyrða til ráðstefnuhalds, sportveiða, vetraríþróttaiðkana og leirbaða, en jafnframt til annarra þátta, sem varða þróun íslenskra ferðamála.

Greinargerð.

Það orkar ekki tvímælis, að Ísland er þegar orðið verulegt ferðamannaland og getur orðið það í enn ríkara mæli. Gjaldeyrstekjur af ferðamálum eru nú orðnar um 1000 milljónir króna á ári, sem er 7.7% af útflutningstekjum þjóðarinnar á viðmiðunarárinu, þ. e. a. s. 1970. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur margfaldast einkum á síðari árum, svo sem sjá má á yfirlitstöflu, sem birt er hér með þessari tillögu.

Undanfarið hefur verið skipulega unnið að uppbyggingu íslenskra ferðamála, m. a. með stofnun Ferðamálasjóðs og tilkomu Ferðamálaráðs, auk þess sem viðleitni

opinberra aðila og áhugaaðila til eflingar ferðamála hefur stórukízt, og hefur þessi viðleitni þegar borið þann ávöxt, sem raun ber vitni. Ljóst er þó, að enn er unnt að gera hér veruleg átök, sem aukið geta stórlega gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og þar með rennt frekari stoðum undir alhliða efnahagslegar framfarir í landinu. Fyrrverandi ríkisstjórn lét af þessum sökum undirbúa sérstaka könnun á íslenskum ferðamálum, sem vera skyldi grundvöllur að áætlunargerð um eflingu þeirra. Til þess að standa straum af kostnaði við þetta yfirgripsmikla verk var á sínum tíma sótt um styrk til Þróunarsjóðs S.Þ., og hefur sjóðurinn nú veitt um \$ 140 000 í þessu skyni til íslenskra yfirvalda. Flm. þessarar tillögu telja mikils um vert, að ekkert hik verði á framkvæmd þessa máls.

Tilgangur þeirra með flutningi framangreindrar tillögu er fyrst og fremst sá að vekja athygli á nauðsyn þess að hraða framkvæmd framangreindrar könnunar og að niðurstöður hennar verði þegar í stað hagnýttar til áætlunargerðar um eflingu ferðamála í landinu, sem flestum kunnáttumönnum ber saman um að sé einn þeirra þátta íslensks atvinnulífs, sem auðvelt sé að þróa á næstunni, þannig að aukið geti verulega gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir fjölda erlendra ferðamanna til Íslands og innkomnar gjaldeyristekjur af þeim frá 1950.

	Fjöldi erlendra ferðamanna				Gjaldeyrist., breytil. gengi				Gjaldeyrist., fast gengi \$ 1969			
	með skipum	með flugv.	amt.	árleg aukn.	alls	pr. mann	árleg aukning		alls	pr. mann	árleg aukning	
	1	2	3	% 4	þús. kr. 5	kr. 6	% 7	% 8	þús. kr. 9	kr. 10	% 11	% 12
1950	1.734	2.649	4.383		845	193			4.564	1.041		
1951	2.000	2.084	4.084	— 6,8	1.073	263	27,0	36,3	5.795	1.419	27,0	36,3
1952	2.364	2.459	4.823	18,1	1.571	326	46,4	24,0	8.484	1.759	46,4	24,0
1953	1.514	4.866	6.380	32,3	2.846	446	81,2	37,0	15.370	2.409	81,2	37,0
1954	1.970	4.877	6.847	7,3	2.437	356	—14,4	—20,2	13.160	1.922	—14,4	—20,2
1955	2.377	6.730	9.107	33,0	2.208	242	— 9,4	—31,9	11.925	1.309	— 9,4	—31,9
1956	2.812	6.795	9.607	5,5	2.106	219	— 4,7	— 9,6	11.371	1.184	— 4,7	— 9,6
1957	2.272	6.507	9.279	— 3,4	4.869	525	131,2	139,4	26.295	2.834	131,2	139,4
1958	2.785	7.326	10.111	9,0	2.988	296	—38,7	—43,7	16.137	1.596	—38,7	—43,7
1959	3.275	9.021	12.296	21,6	3.042	247	1,8	—16,3	16.426	1.336	1,8	—16,3
1960	2.894	9.912	12.806	4,1	17.208	1.344	465,7	443,2	39.751	3.104	142,0	132,3
1961	2.595	11.034	13.629	6,4	25.890	1.900	50,5	41,4	53.074	3.894	33,5	25,5
1962	2.334	14.501	16.835	23,5	42.497	2.524	64,1	32,9	87.119	5.175	64,1	32,9
1963	2.524	14.836	17.360	3,1	56.326	3.245	32,5	28,5	115.468	6.651	32,5	28,5
1964	2.749	19.639	22.383	28,9	81.722	3.651	45,1	12,5	167.530	7.485	45,1	12,5
1965	4.391	24.488	28.879	29,0	82.108	2.943	0,5	—22,1	168.321	5.828	0,5	—22,1
1966	4.160	30.573	34.733	20,3	94.513	2.721	15,1	— 4,3	193.752	5.660	15,1	— 2,9
1967	3.385	34.343	37.728	8,6	97.415	2.582	3,1	— 5,1	199.701	5.293	3,1	— 6,5
1968	2.226	38.221	40.447	7,2	147.727	3.652	51,6	41,4	227.499	5.625	13,9	6,3
1969	2.083	42.016	44.099	9,0	274.372	6.222	85,7	70,4	274.372	6.222	20,6	10,6
1970	1.156	51.752	52.908	20,0	379.715	7.177	38,4	15,3	379.715	7.177	38,4	15,3

ATH. Gjaldyristekjur — innkomnir ferðatækkar.

Tekjur vegna friðhafnarinnar í Keflavík, sem voru kr. 69 268 333.70 árið 1970 og ferðamenn með skemmtiferðaskipum ekki meðtalð.